

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 146/2019 vegna kvörtunar um neitun á fari WW132 þann 8. janúar 2018.

I. Erindi

Þann 16. apríl 2018 barst Samgöngustofu kvörtun frá A (kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi WOW Air nr. WW132 og WW852 frá Miami til Dublin með millilendingu í Keflavík þann 8. janúar 2018. Kvartandi komst á lokakvörðunarstað tveimur dögum síðar með flugi með öðrum flugrekanda sem hann greiddi sjálfur fyrir.

Kwartandi innritaði sig í flugið en þegar hann var að fara ganga um borð var honum tjáð að hann ætti ekki lengur bókað sæti í flugið. Kvartandi var upplýstur á flugvellinum í Miami um að hann mundi ekki ná tengiflugi sínu í Keflavík. Kvartandi tiltók í kvörtun sinni að honum hafi ekki verið boðið nýtt flug, hressingu eða aðra þjónustu í samræmi við það sem kveðið er á um í reglugerð EB nr. 261/2004

Kwartandi fer fram á staðlaðar skaðabætur og endurgreiðslu kostnaðar á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

Í kvörtuninni kemur fram að quartandi hafi ekki fengið afhentar upplýsingar um réttindi flugfarþega.

II. Málavextir og bréfaskipti

Samgöngustofa sendi WOW kvörtunina til athugasemda með tölvupósti þann 14. maí 2018. Í svari WOW sem barst Samgöngustofu þann 18. júní 2018 kom fram eftirfarandi:

„WOW air var ómöguleg að grípa til aðgerða til þess að starfrækja flug WW132 á upphaflega áætluðum brottfaratíma. Flugið var hins vegar starfrækt um leið og veður leyfði. Þetta varð til þess að quartandi hefði aldrei náð tengiflugi sínu sem neyddi WOW air til þess að aflysa upphaflegri bókun kvartanda. Tengifuginu var svo jafnframt aflýst vegna óveðursins sem var til staðar á Keflavíkurflugvelli þannig ljóst er að quartandi hefði aldrei komist á áfangastað á skv. upphaflegri áætlun.

Þegar af þessum aðstæðum er ljóst að WOW air er ekki bótaskylt vegna flugsins þar sem WOW air var ómögulegt að grípa til aðgerðar til þess að starfrækja flugið þrátt fyrir óveðrið enda skyldaði veðrið flugrekendur til að leggja starfsemi sínar tímabundið niður.

Það er mat WOW air að félagið sé ekki bótaskylt þar sem að óviðráðanlegar aðstæður voru fyrir hendi í skilningi 3. mgr. 5. gr. EB reglugerðar nr. 261/2004.

Slæmar veðuraðstæður falla undir hugtakið óviðráðanlegar aðstæður og leysa flugrekendur undan bótaskyldu í slíkum tilvikum. Aðstæður af þessu tagi taka í raun mest allt ákvörðunarvald úr höndum flugrekanda og neyða þá til þess að fresta flugi þar til að veður leyfir. Ákvörðun um að taka á loft þrátt fyrir slæmar veðuraðstæður hefði ekki verið forsvaranleg í ljósi öryggistástæða. Þar sem að náttúran lætur ekki að stjórn er ekkert sem að flugrekendur geta gert til þess að koma í veg fyrir slíkar aðstæður.

Í 14. tölul. inngangsorða reglugerðar EB nr. 261/2004 er beinlínis kveðið á um það að veðurskilyrði sem samrýmast ekki kröfum sem eru gerðar til viðkomandi flugs séu óviðráðanlegar aðstæður. Veðrið olli því að starfsemi flugvallarstarfsmanna varð tímabundið lömuð þar sem að ekki var hægt að starfræka nauðsynleg tæki. Þetta var vegna þess að veðrið var yfir ákveðnum viðmiðum sem framleiðendur tækjanna hafa sett fyrir notkun þeirra.

Með vísan til alls ofangreinds hafnar WOW air bótaskyldu vegna þessa máls.

Kwartandi gerir þar að auki kröfu um greiðslu kostnaðar við að koma sér sjálfur á leiðarenda í kjölfar aflysingu flugsins. WOW air hafnar þeirri greiðslu enda telur WOW air ljóst að samningssamband milli félagsins og kvartandans hafi slitnað. WOW air bauð kvartanda val um annað hvort endurgreiðslu flugsins eða að breyta flugleið. Kvartandi valdi að fá legg sinn frá Miami til Dublin endurgreiddan. WOW air hefur orðið við þeirra beiðni og þar með endurgreitt þær greiðslur sem kvartandi á rétt á því að krefjast jafnframt endurgreiðslu á hinum nýja farmiða enda endurskiplagningin ekki gerð í samráði við WOW air.“

Með tölvupósti þann 28. júní 2018 sendi Samgöngustofa kvartanda svar WOW til athugasemda. Engin efnisleg svör bárust frá kvartanda.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflyst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar, sbr. 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Í máli þessu lagði kvartandi fram kvörtun þar sem hann óskaði eftir skaðabótum úr hendi WOW sökum þess að honum hafi verið neitað um far og ekki hafi legið réttmætar ástæður að baki neituninni. Á móti kemur að umsögn WOW í máli þessu er vísað til röksemda um seinkun á viðkomandi flugi og að þær ástæður sem lágu að baki seinkuninni hafi verið óviðráðanlegar í skilningi reglugerðar EB nr. 261/2004 og því sé félagið ekki bótaskilt gagnvart kvartanda. Þannig er kvartandi og flugrekandi ekki á sama máli um hvernig beri að heimfæra það tilvik sem hér er til umfjöllunar í skilningi reglugerðar EB nr. 261/2004.

Fyrir liggur að kvartandi átti bókað far með flugi nr. WW132 þann 8. janúar 2018 og að honum var meinað að ganga um borð þrátt fyrir að hann hafi gefið sig fram til þess a.m.k. 45 mínútum fyrir flugið og verið með staðfesta farskráningu, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Álitaefni í þessu máli er því hvort að neitun WOW um far hafi verið réttmæt. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 kemur fram að ef farþega er neitað um far skal hann eiga rétt á skaðabótum skv. 7. gr. reglugerðarinnar og m.a. þjónustu í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Í j-lið 2. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 má sjá skýringu á hugtakinu um „neitun um far“ á þá leið að farþega sé meinað að ganga um borð þótt hann hafi gefið sig fram til þess samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar nema réttmætar ástæður séu til þess, t.d af heilbrigðis- eða öryggisástæðum. Flugrekandi hefur ekki fært fram nein gögn sem gefa til kynna að slíkar ástæður hafi verið fyrir hendi í máli þessu.

Í domi Evrópusöðumstólsins í máli C-321/11 tók dómstóllinn til skoðunar hvort að hugtakið „neitun á fari“ eigi eingöngu við í tilvikum þegar flug eru yfirbókuð eða hvort hugtakið á einnig við í öðrum tilvikum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hugtakið „neitun á fari“ geti átti við í fleiri tilvikum en þeim sem varða yfirbókanir og nefndi dómstóllinn í dæmaskyni tilvik sem varða rekstarástæður. Slík túlkun dómstólsins er bæði í samræmi við orðalag reglugerðarinnar og markmið og tilgang hennar sem er að tryggja ríka vernd fyrir flugfarþega. Markmið með reglugerð EB nr. 261/2004 er m.a. að fækka þeim tilvikum þegar farþegum er neitað um far gegn vilja þeirra, ef hugtakið „neitun um far“ væri túlkad þrónt, þ.e. hugtakið ætti einungis við í þeim tilvikum sem varða yfirbókanir færí það gegn framangreindu markmiði reglugerðarinnar.

Að öllu framangreindu virtu er það mat Samgöngustofu að um ekki hafi verið um réttmæta neitun um far að ræða samkvæmt j-lið 2. gr. og 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þannig ber að fallast á kröfu kvartanda um greiðslu staðlaðra skaðabóta úr hendi WOW, sbr. c-lið 1. mgr. 7. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð 1048/2012.

Kwartandi gerði kröfu um að fá endurgreiddan mismun á fargjaldinu sem hann greiddi til WOW og því fargjaldi sem hann greiddi til annars flugrekanda til að komast á lokaákvörðunarstað. Í gögnum málsins kemur fram að kvartandi fékk endurgreidd bæði flugin sem hann átti bókað far með á vegum WOW. Þegar farþega er neitað um far, ber flugrekanda að borga viðkomandi skaðabætur eins og áður hefur komið fram og að auki að endurgreiða viðkomandi farþega flugfargjaldið, endurbóka hann með öðru flugi eins fljótt og auðið er eða síðar meir við fyrstu hentugleika fyrir farþegann, með fyrirvara um sætaframboð. Jafnframt ber flugrekanda að veita viðkomandi farþega þá þjónustu sem kveðið er á um í 9. reglugerðarinnar, þ.e. máltíðir og hressingu í samræmi við lengd tafarinnar, hótelgistingu og flutning á milli flugvallar og gistiaðstöðu.

Endurgreiðsla á flugfargjaldi vegna flugs nr. WW132 og WW852 fór fram á grundvelli 1. mgr. 8. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Í tilvikum endurgreiðslna á grundvelli 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar er ekki að finna bótarátt í reglugerðinni til farþega vegna mismunar á upprunalegu fargjaldi fyrir flugi farþegans og nýju fargjaldi fyrir flug með öðrum flugrekanda. Í kafla 4.2. í útgefnum leiðbeiningum um túlkun á reglugerð EB nr. 261/2004 frá 10. júní 2016 er kveðið á um eftirfarandi:

„The air carrier has to bear the costs for re-routing or a return flight, and must reimburse the costs for the flight borne by the passenger where the air carrier does not comply with its obligation to offer rerouting or return under comparable transport conditions at the earliest opportunity. Where the air carrier does not offer the choice between reimbursement and re-routing and, in the case of connecting flights, reimbursement and a return flight to the airport of departure and re-routing, but decides unilaterally to reimburse the passenger, he or she is entitled to a further reimbursement of the price difference with the new ticket under comparable transport conditions.“

Að mati Samgöngustofu með hliðsjón af gögnum málsins og þeim gögnum sem liggja fyrir í öðrum málum er varða sama flug telur Samgöngustofa að WOW air hafi ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart kvartanda og hafi ekki boðið honum þá valkostí og þjónustu sem kveðið er á um í reglugerð EB nr. 261/2004. Í þessu samhengi ber einnig að nefna að kvartandi virðist ekki hafa fengið skriflegar upplýsingar um rétt sinn í máli þessu og telst það brot á 2. mgr. 14. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Að öllu framangreindu virtu telur Samgöngustofa að kvartandi eigi rétt á fá endurgreiddan mismun á fargjaldinu sem hann greiddi til WOW og því fargjaldi sem hann greiddi til annars flugrekanda til að komast á lokaákvörðunarstað.

Kwartandi gerði einnig kröfu um endurgreiðslu á matarkostnaði, hótelkostnaði og kostnaði vegna flutnings á milli flugvallar og gistiaðstöðu sem til félí sökum þess að honum var neitað um far með flugi WW132 þann 8. janúar 2018. Að mati Samgöngustofu átti kvartandi rétt á hressingu og máltíðum í samræmi við lengd tafarinnar, hótelgistingu og flutning á milli flugvallar og gistiaðstöðu, sbr. a-c lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem kveðið er á um að það ef flugi er aflýst skal viðkomandi farþegum boðin framangreind aðstoð af hálfu flugrekanda.

Kwartandi hefur ekki lagt fram kvittanir til staðfestingar á útlögðum kostnaði vegna matarkostnaðar, hótelkostnaðar, flugfargjaldi með öðrum flugrekanda og kostnaði vegna flutnings á milli flugvallar og gistiaðstöðu. Samkvæmt framangreindu ætti kvartandi rétt á að fá útlagðan kostnað endurgreiddan úr hendi WOW air gegn því að kvartandi leggi fram gögn kröfu sinni til stuðnings.

Kwartandi virðist ekki hafa fengið skriflegar upplýsingar um rétt sinn í máli þessu og telst það brot á 2. mgr. 14. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Ákvörðunarorð

WOW Air ber að greiða kvartanda bætur að upphæð EUR 600 skv. c-lið 1. mgr. 7. gr., sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.,

WOW Air ber að greiða kvartanda mismun á fargjaldinu sem hann greiddi til WOW og því fargjaldi sem hann greiddi til annars flugrekanda til að komast á lokaákvörðunarstað, sbr. 8. gr. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð 1048/2012.

WOW Air ber að greiða kvartanda sannanlegan útlagðan kostnað vegna matarkostnaðar, hótelkostnaðar og kostnaði vegna flutnings á milli flugvallar og gistiaðstöðu, sbr. a-c lið 1. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð 1048/2012.

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 24. júní 2019

Kristín Helga Markúsdóttir

Andri Rúnar Gunnarsson